

13. grein.

Aðalfundur deilda félagsins skulu vera haldnir eigi síðar en 31. mars fyrir liðið starfsár. Knattspyrnudeild skal þó heimilt að halda aðalfund á starfsárinu, eftir lok keppnistímabils að hausti, en þó eigi síðar en 30. nóvember og skal þá leggja fram tíu mánaða milliuppgjör. Knattspyrnudeild er samt sem áður skylt að leggja fram endurskoðaðan **skoðaðan** ársreikning a.m.k. tveimur vikum fyrir aðalfund félagsins. Atkvæðisrétt á aðalfundi deildar hafa allir félagar deildarinnar, enda hafi þeir greitt öll lögboðin gjöld. Kjörgengir eru þó aðeins félagar deildarinnar sem náð hafa 15 ára aldri, nema til formanns og gjaldkera verða þeir að vera 18 ára. Til aðalfundar deilda skal boða með viku fyrirvara með auglýsingu í staðarmiðli og/eða á heimasíðu félagsins, og er hann löglegur sé löglega til hans boðað. Stjórn skal leggja fyrir aðalfund fjölfaldaða ársskýrslu, **skoðaða** ársreikninga og fjárhagsáætlun. Dagskrá aðalfunda deilda skal vera sem hér segir:

1. Formaður deildarinnar setur fundinn.
2. Kosinn fundarstjóri.
3. Kosinn fundarritari.
4. Formaður leggur fram ársskýrslu deildarinnar.
5. Gjaldkeri leggur fram og útskýrir skoðaða reikninga, sem síðan eru bornir undir atkvæði.
6. Gjaldkeri leggur fram fjárhagsáætlun til afgreiðslu.
7. Stjórnarkjör:
 - a. Kosinn formaður.
 - b. Kosinn gjaldkeri.
 - c. Kosinn ritari sem jafnframt sinnir störfum sem varaformaður.
 - d. Kosnir meðstjórnendur, eftir ákvörðun fundarins.
8. Önnur mál.

Á aðalfundi deilda ræður meirihluti atkvæða úrslitum allra mála. Kosning deildarstjórna skal vera skrifleg, ef þurfa þykir. Ef atkvæði eru jöfn skal kosið bundinni kosningu og fáist enn ekki úrslit skal hlutkesti ráða.

15. grein.

Aðalfundur Umf. Selfoss fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfund skal halda eigi síðar en 30. apríl ár hvert. Til aðalfundar skal boða með bréfi til stjórna allra deilda félagsins og auglýsingu í staðarmiðli og/eða á heimasíðu félagsins með tveggja vikna fyrirvara og er hann löglegur ef löglega er til hans boðað. Allir félagar 16 ára og eldri hafa kjörgengi til aðalfundar og 18 ára og eldri til stjórnarstarfa í aðalstjórn. Skriflegu framboði til starfa í framkvæmdastjórn, þ.e. formanns, gjaldkera, ritara og meðstjórnenda skal skila til skrifstofu félagsins, á netfangið umfs@umfs.is, að lágmarki viku fyrir boðaðan aðalfund. Ritari skal vera varaformaður og sinna störfum formanns í fjarveru hans. Allir félagar hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum félagsins og deilda þess. Aðalstjórn skal leggja fyrir aðalfund fjölfaldaða ársskýrslu félagsins, **skoðaða** ársreikninga og fjárhagsáætlun næsta árs.

Aðalstjórn skal skipa þriggja manna uppstillinganefnd, ef þurfa þykir, með hæfilegum fyrirvara fyrir aðalfund. Skal hún skipuð þremur almennum félagsmönnum. Tillögu sinni skal uppstillinganefnd skila til skrifstofu félagsins, á netfangið umfs@umfs.is, eigi síðar en viku fyrir aðalfund.

Skal tillaga uppstillingarnefndar ásamt framkomnum framboðum liggja frammi á

skrifstofu félagsins til fundardags.

Atkvæðisrétt á aðalfundi hafa eftirtaldir félagar:

1. Framkvæmdastjórn félagsins.
2. Formenn allra deilda félagsins.
3. Gjaldkerar allra deilda félagsins.
4. Auk þess samtals 30 fulltrúar deilda, sem kosnir eru á aðalfundi þeirra eða stjórn tilnefnir skv. ákvörðun aðalfundar deildarinnar, í réttu hlutfalli við iðkendur hvernar deildar á aldrinum 6-17 ára. Við ákvörðun hverjir séu iðkendur skal miðað við að iðkun sé regluleg, a.m.k. einu sinni í viku yfir tímabil sem sé að lágmarki 3 mánuðir á almanaksárinu, skv. skráningu í félagakerfi.

Hver félagi getur aðeins farið með eitt atkvæði. Hafi deild ekki haldið aðalfund eða sent fullgilt félagatal til aðalstjórnar á tilsettum tíma, eða ársreikningar deildar eru ekki samþykktir á aðalfundi hennar missa allir fulltrúar deildarinnar atkvæðisrétt á aðalfundi Umf. Selfoss.

Dagskrá aðalfundar Umf. Selfoss skal vera sem hér segir:

1. Formaður setur fundinn.
2. Kosinn fundarstjóri og einn til vara.
3. Kosinn fundarritari og einn til vara.
4. Kosin þriggja manna kjörbréfanefnd.
5. Formaður flytur ársskýrslu félagsins.
6. Gjaldkeri leggur fram reikninga félagsins.
7. Lagt fram álit kjörbréfanefndar.
8. Umræður um skýrslu formanns og gjaldkera og reikningar félagsins bornir upp til samþykktar.
9. Ávörp gesta.
10. Tillögur lagðar fyrir fundinn.
11. Verðlaunaafhending.
12. Kaffihlé.
13. Umræður og afgreiðsla tillagna.
14. Lagabreytingar.
15. Gjaldkeri leggur fram fjárhagsáætlun aðalstjórnar til samþykktar og deilda til staðfestingar.
16. Ákveðin árgjöld félagsins og deilda
17. Stjórnarkjör:
 - a. Kosinn formaður.
 - b. Kosinn gjaldkeri.
 - c. Kosinn ritari sem jafnframt sinnir störfum sem varaformaður.
 - d. Kosnir tveir meðstjórnendur.
18. Kosnir tveir skoðunarmenn og tveir til vara.
19. Kosning í jóla- og þrettándanefnd.
20. Önnur mál.

Heimilt er fundarstjóra að færa til dagskrárliði með samþykki fundarins.